

**Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa, nr. [9/2021-2022](#),
sbr. starfsregl. [nr. 45/2022-2023](#).**

1. gr. Kjörgengi.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa er hver guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í íslensku þjóðkirkjunni.

2. gr. Kjörtímabil.

Kjörtímabil biskups Íslands og vígslubiskupa skal vera sex ár í senn.

Nú er aðeins sá í kjöri til embættis biskups Íslands eða vígslubiskups sem fyrir er í embættinu og er hann þá rétt kjörinn til þess án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann að öðru leyti kjörgengisskilyrðum 1. gr.

3. gr.

Kosið skal í einni kjördeild.

4. gr. Kosningarréttur við kjör biskups Íslands.

A. Kosningarréttur vígðra:

Biskup Íslands og vígslubiskupar eiga kosningarrétt við biskupskjör. Auk þeirra á kosningarrétt hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:

1. þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða

2. þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.

Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.

Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar.

Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar.

Kosningarrétt eiga vígðir starfsmenn á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem eru í föstu starfi.

B. Kosningarréttur leikmanna:

1. aðal- og varamenn í sóknarnefndum.

2. Þá skulu allt að sjö kjörfulltrúar úr hverju prestakalli valdir af sóknarnefnd eða sóknarnefndum til viðbótar öðrum kjörfulltrúum, sbr. lið 1.

Þeir leikmenn sem eiga sæti á kirkjuþingi og ekki eiga atkvæðisrétt skv. liðum 1 eða 2.

5. gr. Kosningarréttur við kjör vígslubiskupa.

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga þeir sömu og réttinn eiga skv. 4. gr. og tilheyra prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.

Þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði Þjóðkirkjunnar erlendis, sbr. 1. lið 1. mgr. 4. gr., nýtur kosningarréttar í umdæmi vígslubiskups í Skálholti.

Þjónandi prestur eða djákni, sbr. 2. lið 1. mgr. 4. gr., nýtur kosningarréttar í því umdæmi vígslubiskups sem viðkomandi starfar í.

Kosningarrétt eiga vígðir starfsmenn á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem eru í föstu starfi.

6. gr. *Viðmið kosningarréttar.*

Skilyrði kosningarréttar skv. 4. og 5. gr. skulu uppfyllt þremur vikum áður en tilnefning hefst og skal kjósandi vera skráður í Þjóðkirkjuna þann dag.

7. gr. *Kjörstjórn.*

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, er jafnframt kjörstjórn við kjör samkvæmt starfsreglum þessum.

8. gr. *Ákvörðun um hvenær kosning fer fram.*

Kjörstjórn ákveður hvenær kjörgögn skulu send þeim sem kosningabærir eru við kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Með útsendingu kjörgagna hefst kosning skv. 15. gr. Jafnframt ákveður kjörstjórn hvenær kosningu lýkur, sbr. 15. gr.

Ákvarðanir kjörstjórnar skv. 1. mgr. eru háðar samþykki forsætisnefndar kirkjuþings.

9. gr. *Kjörskrá.*

Kjörskrá skal vera rafræn og annast kjörstjórn gerð hennar á grundvelli gagna frá biskupsstofu og Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 4. eða 5. gr. eftir því sem við á, sbr. 6. gr., og þar skulu koma fram upplýsingar um nafn kjósanda, lögheimili hans og kennitölu. Kjörskrá skal hafa verið gerð tveimur vikum áður en tilnefning, skv. 3. mgr. 11. gr. hefst.

Þegar kjörskrá er tilbúin skal kjörstjórn auglýsa það á vefsvæði Þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum. Í auglýsingunni skal taka fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær kjörstjórn.

Þegar kjörskrá hefur verið gerð getur viðkomandi kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

10. gr. *Leiðréttingar á kjörskrá.*

Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en fimm sólarhringum áður en tilnefning hefst, sbr. 3. mgr. 11. gr. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Kjörstjórn skal í síðasta lagi gera leiðréttingar á kjörskrá tveimur sólarhringum áður en tilnefning hefst. Ef kjörstjórn verður þess áskynja að villa hafi átt sér stað við kjörskrárgerðina skal hún leiðrétt. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef skilyrði 6. gr. hafa ekki verið uppfyllt fyrir þann tíma sem þar greinir.

Berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar, sannanlega, tilkynnt hlutaðeigandi nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum.

Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins. Skal það gert með sannanlegum hætti.

Kjörstjórn skal fram að þeim degi er tilnefning hefst leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát manns sem er á skránni.

Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en tilnefning hefst.

11. gr. *Tilnefning til biskups Íslands og vígslubiskups.*

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 4. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs biskups Íslands.

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 5. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs vígslubiskups.

Tilnefning skv. 1. og 2. mgr. skal hefjast a.m.k. fimm vikum áður en kjör til biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

12. gr. *Framkvæmd og fyrirkomulag tilnefninga.*

Tilnefningin skal vera rafræn og standa í fimm sólarhringa samfelld. Skal henni lokið a.m.k. fjórum vikum áður en kosning biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

Kjörstjórn sér um undirbúning og ákveður nánari framkvæmd tilnefningarinnar, en rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar skal sjá til þess að aðgangur sé tryggður að öruggu kosningakerfi til að nota við tilnefninguna. Tryggt skal að kerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta tilnefningu án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvern viðkomandi tilnefndi í kerfinu.

Við tilnefninguna skal viðkomandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands og skal hann auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann getur nýtt rétt sinn til að tilnefna.

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum hvenær tilnefning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en tilnefning hefst.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þjóðkirkjunnar, á rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og hjá próföstum.

13. gr. *Afkóðun og talning tilnefninga.*

Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að tilnefningu var lokið, taka saman og telja tilnefningarnar. Áður en talning hefst skal afkóða tilnefningarnar. Formaður kjörstjórnar skal varðveita lykil sem notaður er við afkóðunina.

Eftir afkóðun skulu tilnefningarnar taldar og niðurstöður teknar saman í afkóðunar- og talningarhluta kerfisins.

14. gr. *Niðurstaða tilnefninga.*

Þeir þrír einstaklingar sem flestar tilnefningar fá, að teknu tilliti til 3. mgr., eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups. Ef tveir eða fleiri fá sama fjölda tilnefninga skulu þeir báðir eða allir vera í kjöri. Séu tilnefndir færri einstaklingar en þrír eru þeir allir í kjöri að teknu tilliti til 3. mgr.

Kjörstjórn skal strax og niðurstaða úr tilnefningunni er ljós, kanna hvort þeir sem verða í kjöri, skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr., uppfylli skilyrði 1. gr. Telji kjörstjórn að svo sé ekki skal hlutaðeigandi þegar í stað gert viðvart og honum veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að athugasemdir berast taka afstöðu og tilkynna hlutaðeigandi um þá niðurstöðu.

Vilji viðkomandi ekki una niðurstöðu skv. 2. mgr., getur hann skotið henni til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, innan sólarhrings frá því að honum var sannanlega tilkynnt um niðurstöðuna. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en tveimur sólarhringum síðar.

Kjörstjórn skal svo fljótt sem verða má tilkynna þeim einstaklingum sem flestar tilnefningar fá, sbr. 1. mgr., um niðurstöðuna og leita eftir afstöðu þeirra til tilnefningarinnar. Ef einhver þeirra gefur ekki kost á sér skal sá sem næstur honum er að tilnefningu taka sæti hans.

Á vefsvæði þjóðkirkjunnar skal svo fljótt sem verða má, eftir að niðurstaða tilnefninga er ljós, tilkynna um þá sem verða í kjöri auk þeirra tveggja sem næstir komu að tilnefningu.

15. gr. Framkvæmd kosninga.

Kosning skal vera rafræn.

Kosning skal fara fram þó að einn sé í kjöri, nema um endurkjör sé að ræða, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Kjörstjórn sendir þeim sem eiga kosningarrétt nauðsynleg kjörgögn rafrænt:

Kjörstjórn ákveður nánari framkvæmd kosninganna, en þjóðkirkjan skal sjá til þess að aðgangur sé tryggður að öruggu kosningakerfi. Tryggt skal að kosningakerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta atkvæði án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvernig kjósandi greiddi atkvæði í kosningakerfinu.

Við atkvæðagreiðslu skal kjósandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands og skal kjósandi auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann greiðir atkvæði.

Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en kosning hefst.

Atkvæðagreiðsla skal standa yfir í fimm sólarhringa samfellt.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þjóðkirkjunnar, á rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og hjá próföstum.

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann merkir við nafn þess frambjóðanda sem hann kys. Geri hann það ekki, er atkvæði hans ógilt. Sama gildir um autt atkvæði.

16. gr. Afkóðun og talning atkvæða og niðurstöður kosninga.

Talning atkvæða skal hefjast innan sólarhrings frá lokum kosningar. Áður en talning hefst skulu atkvæðin afkóðuð.

Kjörstjórn skal gefa þeim sem eru í kjöri kost á að hafa umboðsmenn sína viðstadda talninguna. Aðgengi að dulkóðun kosningakerfisins skal stýrt með tvískiptu leyniorði. Fulltrúi kjörstjórnar og fulltrúi forsætisnefndar kirkjupings búa til og varðveita hvor sinn helming leyniorðsins meðan kosning varir.

Áður en talning hefst koma fulltrúarnir hinu tvískipta leyniorði fyrir í afkóðunarhluta kosningakerfisins.

Sá er réttkjörinn biskup Íslands eða vígslubiskup sem fær meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn frambjóðandi fær meiri hluta greiddra atkvæða skal kosið á nýjan leik milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða um hverja tvo skuli kosið. Sá er réttkjörinn biskup Íslands eða vígslubiskup sem fær meiri hluta greiddra atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

17. gr. Kærur til yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kosninga samkvæmt starfsreglum þessum. Kosningu geta þeir kært sem eiga kosningarrétt.

Kærur vegna kosninga skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en þremur dögum eftir að atkvæði hafa verið talin. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærur skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests eða hafa verið pósthimlaðar í síðasta lagi þann dag. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en sjö virkum dögum eftir að mál berst.

Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

18. gr. Birting niðurstöðu kosningar og útgáfa kjörbréfs.

Birta skal á vefsvæði þjóðkirkjunnar upplýsingar um kosningaþátttöku og úrslit kosningar.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn þjóðkirkjunnar út kjörbréf til biskups Íslands og vígslubiskupa.

19. gr. Gildistaka.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017, með síðari breytingu.